

Þriðjudaginn 18. maí 1948.

Nr. 121/1946. Dánarþú Garðars Þorsteinssonar

(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Trans-Ocean, vöru- og skipamiðlun h/f

og gagnsök (Hrl. Magnús Thorlacius)

Málsástæða látin ódæmd. Ómerking dóms. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. sept 1946, krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar með stefnu 12. sept. 1946, hefur krafizt þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til málflutnings og dómsálagningar af nýju. *Til vara* krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða kr. 3223.27 með 6% ársvöxtum frá 31. des. 1941 til greiðsludags. Hvernig sem málið fer, krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Það er viðurkennt, að við munnlegan málflutning á bæjarþingi Reykjavíkur 21. júní 1946 var sú málsástæða borin fram af hálfu gagnáfrýjanda, að hann hefði ekki verið umboðsmaður Garðars heitins Þorsteinssonar við fiskkaup þau, sem málið er af risið, heldur miðlari, og taldi gagnáfrýjandi því, að gagnkröfur Garðars í málinu væru sér óviðkomandi. Þessari málsástæðu var ekki mótmælt sem of seint fram kominni af stefnda í héraði, en héraðsdómari hefur gengið fram hjá henni án þess að dæma hana. Þessi málsmeðferð fer í bága við ákvæði 1. málsg. 193. gr. laga nr. 85/1936, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Í málinu hefur verið lögð fram þýðing úr ensku á nokkrum dóm skjölum, gerð af Bjarna Guðmundssyni, löggiltum skjalapýðanda. Þýðing þessi er í sumum atriðum mjög ónákvæm og verður að víta það.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og visast málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði Gizurar Bergsteinssonar hrd.

Samþykkur framanskráðum dómi, að fráteknu málskostnaðarákvæði hans. Rétt er eftir atvikum málsins, að aðaláfrýjandi, dánarbú Garðars Þorsteinssonar, greiði gagnáfrýjanda, Trans-Ocean vöru og skipamiðlun h/f, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júlí 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f. m., hefur Þórhallur bóka-vörður Þorgilsson f. h. Trans-Ocean, vöru- og skipamiðlunar h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 30. október 1944 gegn Garðari hæstaréttarlögmanni Þorsteinssyni, Vesturgötu 19 hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 3223.27 auk 6% ársvaxta frá 31. desember 1941 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1941 annaðist stefnandi sölu á ísvörðum fiski í Englandi fyrir stefnda. Hófust skipti aðilja með því, að stefnandi seldi hinn 9. febrúar 1941 100 kassa af fiski fyrir stefnda og félaga hans. Voru þau skipti gerð upp að fullu og stefnanda greidd 2% söluverðs í umboðslaun. Eftir það seldi stefnandi fisk stefnda gegn 1% umboðslaunum, og var magn hins selda þetta: Hinn 18. marz s. á. 150 kassar, 22. marz 630, 21.—26. marz 250, 12. apríl 125, og 26. s. m. 200 kassar. Voru allar þessar sölur gerðar upp, nema tvær þar síðustu. Vegna sölu þeirrar, er fram fór hinn 12. apríl, telur stefnandi stefnda skulda sér kr. 345.12 fyrir útlögð gjöld og umboðslaun auk kr. 23.69, er ofgreiddar voru stefnda, en vegna síðustu söluunnar kr. 586.09 í umboðslaun og útlögð gjöld, auk ofgreiðslu, er nam kr. 2268.37. Fjárhæðir þessar samtals nema stefnukröfunni í málinu.

Stefndi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að honum hafi hvorki verið skilað kössum þeim, sem fiskurinn var sendur í til Englands, né andvirði þeirra, sem hann telur nema hærri fjárhæð en stefnukrafan. Kveðst hann hafa kvartað um þessi vanhöld við stefnanda þegar í stað, og að svo hafi virzt sem stefnandi áltí þær kvartanir á rökum reistar, þar eð hann hafi skrifað verzlunarfélagi því, er sá um fisksölu erlendis, og spurzt fyrir um þetta atriði. Heldur stefndi því og fram, að sú venja hafi ríkt í þessum efnunum, að eiganda fiskjarins voru endursendir kassarnir eða andvirði þeirra, ef þeir voru seldir erlendis.

Nokkrir menn, er reynslu hafa um fisksölu til Englands á framangreindu tímabili, hafa komið fyrir dóm sem vitni í máli þessu. Með vætti þeirra verður að telja sönnur færðar á frangreindar staðhæfingar stefnda um venju þá, er gildi að þessu leyti, enda virðist stefnandi hafa sjálfur kannast við hana, að því er bezt verður séð af bréfi hans, dagsettu 18. júlí 1941, til umboðsmanna hans í Englandi (dómsskjal nr. 22). Eigi verður talið, að stefnanda hafi verið heimilt að samþykkja það fyrir hönd stefnda, án sérstaks samkomulags, að vikið var frá venju þessari, og þykir því verða að gera honum að greiða stefnda andvirði umbúðakassanna, enda hefur hann eigi, gegn andmælum stefnda, fært sönnur á þá staðhæfingu sína, að stefndi hafi borið meira úr bítum fyrir fisk sinn en orðið hefði, ef hann hefði fengið aftur kassana, eða þeir verið seldir sérstaklega. Hins vegar brestur allar sönnur á þá staðhæfingu stefnda, að andvirði kassanna hafi verið herra en kröfur stefnda, og leiðir þessi varnarástæða því ekki til sýknu, en samkvæmt gögnum málsins verður andvirði hvers kassa talið 6 pence. Kassar stefnda voru, eins og fyrr var greint, 1355 talsins og andvirði þeirra því £ 33—17—6, og er honum því samkvæmt öllu framanrituðu rétt að telja til skuldar hjá stefnanda kr. 883.80, og er það miðað við gengi £ í íslenskum krónum 26.09.

Í annan stað hefur stefndi stutt sýknukröfu sína þeim rökum, að umboðsmenn stefnda erlendis hafi reiknað sér óhæfilega há sölu-laun af fiski stefnda. Kveður stefndi það hafa verið almenna venju í þessum efnunum, að umboðslaun þessi væru reiknuð 3% eða í mesta lagi 4% af söluverðinu, en hann hafi hins vegar verið látinn greiða hinum erlendu umboðsmönnum 7% auk frangreinds 1% til stefnanda sjálfs. Kveðst stefndi hafa beðið mikið tjón af þessum ráðstöfunum stefnda, og telur fjárhæð þess nema meiru en dómkröfum stefnda. Hefur stefndi jafnframt áskilið sér rétt til heimtu bóta fyrir þetta í sérstöku máli.

Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi sent stefnda skilagrein hinna erlendu umboðsmanna sinna ásamt sinni eigin skilagrein í hvert skipti, er aðiljar gerðu upp viðskiptin, og verður málflutningur stefnda vart skilinn á annan veg en að svo hafi verið, enda hafa báðir aðiljar lagt fram eintök af tveim hinna erlendu skila-

greina. Þótt eintökum þessum beri ekki saman í hvívetna, er þó það sameiginlegt með þeim, að skýrt má af þeim ráða það, að sölu-laun (Commission) erlendis var 7% söluverðsins. Verður því að líta svo á, að stefnda hafi mátt vera þetta ljóst eigi löngu eftir upphaf viðskipta þessara. Hins vegar hefur ekki af hans hálfu verið hreyft athugasemdum í þessa átt, svo séð verði, fyrr en í munnlegum flutningi máls þessa. Þykir stefndi með fyrirvaraleysi sínu um svo langan tíma hafa firrt sig þeirri aðstöðu, sem hann kynni annars að hafa haft til að byggja rétt á fjárhæð sölulaunanna, og er því eigi unnt að taka til greina sýknukröfu hans á þeim grundvelli heldur.

Loks hefur stefndi hreyft því, að taka beri tillit til þess, að skilagreinum hinna erlendu umboðsmanna stefnanda ber ekki saman að öllu leyti. Mótmæli stefnda gegn skýringum stefnanda á þessu þykja ekki nægilega öflug, enda óljóst mjög hverjar séu kröfur hans í þessu efni, og fær þetta atriði því eigi haft áhrif á úrslit málsins.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnda kr. 3223.27, að fráðregnum framangreindum kr. 883.80, eða kr. 2339.47 með 6% ársvöxtum, sem teljast frá stefnudegi, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, hefur kveðið upp dóm þenna. Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögn hans og stafar af miklum önnur í skrifstofu embættisins, einkum við dómsmál um það leyti, er þingleyfi hófst.

D ó m s o r ð :

Stefndi Garðar Þorsteinsson greiði stefnanda, Trans-Ocean, vöru- og skipamiðlun h/f, kr. 2339.47 með 6% ársvöxtum frá 30. október 1944 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. maí 1948.

Nr. 44/1948. Réttvísing og valdstjórnin

(Hrl. Guttormur Erlendsson)

gegn

Friðmar Sædal Markússyni og Aðalsteini

Lárusyni (Hrl. Lárus Jóhannesson).

Þjófnaður og brot á 111. gr. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.